

Fundargerð 145. fundar stjórnar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 14. október 2025 kl. 13:00 - 14:30.
Fundurinn er fjarfundur.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Eyrún Björk Valsdóttir (vék af fundi kl. 14. undir lið 4, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Hulda Birna Baldursdóttir, (vék af fundi kl. 14. undir lið 4), Maj-Britt Hjördís Briem, Margrét Sigurðardóttir, Karl Rúnar Þórsson (vék af fundi kl. 14. undir lið 4), Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Verðlisti 2026 - lagt fram á fundi

Afgreiðsla: Samþykkt að endurskoða verðlista byggt á eftirfarandi forsendum:

- Breyting á vísitölu neysluverðs frá ágúst 2024 til ágúst 2025 gildi 20%.
- Breyting á vísitölu launa frá ágúst 2024 til ágúst 2025 gildi 80%
- Verð pr. klukkustund í námsleiðum hækkar við þetta úr 19.343. árið 2025 í 20.679 árið 2026, eða um 6,91%.
- Verð ráðgjafaviðtala og raunfærnimats hækkar um sömu prósentutölu.

FA mun reikna út nýjan verðlista sem gildir frá 1. janúar 2026 og senda samstarfsaðilum sjóðsins.

3. Umsóknir 2026 - lagt fram á fundi

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir 2026 er áætlað að framlag til Fræðslusjóðs verði 1.040.500.000. Eftirfarandi umsóknir bárust frá fræðsluaðilum fyrir árið 2026:

Vottaðar námsleiðir: 926,7 milljónir

Náms- og starfsráðgjöf 227,7 milljónir

Raunfærnimat 226,5 milljónir.

Samtals eru umsóknir tæpar 1.380 milljónir eða rúmlega 340 milljónum hærri en áætlað framlag 2026.

Sjá nánari sundurliðun á fræðsluaðila á mynd hér að neðan:

Fræðsluaðili	Námsleiðir	Ráðgjöf	Raunfærnimat
Mímír-símenntun	302,500,000	42,000,000	27,100,000
Framvegis	70,000,000	15,000,000	21,360,000
Starfsmennt		911,800	
IÐAN		57,000,000	68,586,360
Rafmennt		2,000,000	10,000,000
Samt. höfuðb.svæðið	372,500,000	116,911,800	127,046,360
Símenntun Vesturlandi	33,700,000	11,600,000	9,450,000
Fræðslumst. Vestfj.	26,000,000	7,600,000	11,333,235
Farskólinn NV-landi	25,000,000	7,000,000	4,587,750
SÍMEY	125,000,000	14,300,000	20,675,800
Þekkingarn. Þingeyinga	35,000,000	23,000,000	7,830,000
Austurbrú	42,500,000	6,200,000	11,150,000
Fræðslunet Suðurlands	69,000,000	12,100,000	14,100,000
Viska Vestmannaeyjum	18,000,000	9,000,000	9,517,320
MSS	180,000,000	20,000,000	10,860,000
Samt. landsbyggðin	554,200,000	110,800,000	99,504,105
Samtals allt	926,700,000	227,711,800	226,550,465

4. Hugmyndir fræðsluaðila um framtíðina (fskj. 05 Hugmyndir fræðsluaðila um framtíðina)

Lagt fram til umræðu. Stjórn var sammála um að margt væri hugmyndum fræðsluaðila sem krefðist áframhaldandi umræðu og skoðunar og beindist það bæði beint að Fræðslusjóði, en einnig Fræðslumiðstöðinni og ríkisvaldinu. Óskað var eftir að stjórn fylgdi þessu efni eftir við ráðherra.

5. Fjármögnun Færni á vinnumarkaði

Mennta- og barnamálaráðuneyti óskaði eftir því að stjórn Fræðslusjóðs fjallaði áfram um Færni á vinnumarkaði sem vottað nám með tilliti til fjármögnunar Fræðslusjóðs. Aðkoma Fræðslusjóðs rædd en FA Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið umsýsluaðili vegna verkefnisins Færni á vinnumarkaði sem styrkt var af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu 2024 og 2025 (nú félags- og húsnæðismálaráðuneyti). Samstarfsaðilar í verkefninu eru FA, VMST, Fjölmennt og Símennt.

6. Önnur mál

Engin önnur mál. Fundi slitið.